

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera **54** sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir 1. apríl raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjöld skulu greidd samkvæmt reglugerð héraðsrafmagnsveitna ríkisins og reglugerð rafveitusjóðs viðkomandi sýslu.

IV. ÝMIS GJÖLD

1. Opnunargjald.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun 10 kr.

2. Óleyfileg vör.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki opnuð, fyrr en notandinn hefur greitt umboðsmanni héraðsrafmagnsveitna ríkisins 10 kr. gjald. Gjaldið skal greitt á aðsetursstað umboðsmannsins.

V. BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

1. Fyrst um sinn er heimilt 20 kw. mesta álag á veituna í Laxárstöð. Skulu notendur, hver um sig, miða álag sitt við þetta og er því t. d. ekki heimilt að nota hita á suðutíma.
2. Þegar sérstaklega stendur á, t. d. þegar um heypurrkun er að ræða, getur rafmagnsveitustjóri selt rafmagn eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 1. apríl 1948.

Bjarni Ásgeirsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Dalvíkur.

55

6. apríl

I. RAFORKA

Rafveita Dalvíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

Um kwst.-mæli á kr. 1.80 hver kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforkunotkun, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

55

B. Suða.

6. apríl Um kwst.-mæli á 40 auru hver kwst. Eftir þessum gjaldskrárlið er einungis seld raforka til fasttengdra suðutækja.

C. Vélar.

Þar sem orkan er seld til vélareksturs skal hún seld um kwst.-mæli á kr. 1.00 hver kwst. Hafi vélarinnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds kr. 150.00 á hvert uppsett kw. vélanna. Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til götu- og hafnarlýsingar, svo og til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

- | | |
|---|--------------------|
| 1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. | kr. 2.00 á mánuði. |
| 2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni. | — 3.00 — — |
| 3. — þrífasa mælum 50 til 200 amp. | — 7.00 — — |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem hér eru nefnd, skal leigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við taugakerfi rafveitunnar, skal greiða heimtaugargjald. Skal það vera sem hér segir:

- | | |
|--|------------|
| 1. Grunn gjald fyrir hverja loftlínuheimtaug | kr. 400.00 |
| 2. Grunn gjald fyrir hverja jarðlínuheimtaug | — 600.00 |

Auk þessa grunn gjalds skal greiða kr. 10.00 af hverju þúsundi króna af brunabótamati húsa og mannvirkja. Hálfu þúsundi eða minna í brunabótamat skal sleppt í útreikningi þessum, en ella hækka upp í heilt þúsund.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur rafveitustjóri eða hreppsnefnd samræmt það nýju mati og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný skal þó heimtaugargjaldið miðast við það mat. Húseigandi greiðir grunn gjald heimtaugar um leið og heimtaugaruppsetningu er lokið. Hinn hluti heimtaugargjaldsins fellur í gjalddaga, þegar brunabótamat hússins hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meira en 25 metrar, og loftlínuheimtaugar meira en 60 metrar, og (eða) gildleiki víra meira en $3 \times 70 \text{ mm}^3$, skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

IV. OPNUNARGJALD**1. Vanskil.**

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduopnun kr. 10.00.

2. Óleyfileg vör.

55

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 10.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

6. apríl

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í fyrsta kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20 af hundraði, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923 og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 6. apríl 1948.

Bjarni Ásgeirsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Þorbjargar Björnsdóttur frá Kirkjubóli“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 6. apríl 1948.

56

6. apríl

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Þorbjargar Björnsdóttur frá Kirkjubóli í Kirkjubólshreppi í Strandasýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Þorbjargar Björnsdóttur og er stofnaður af hjónunum Margréti Þorsteinsdóttur og Matthíasi Helgasyni í Kaldrananesi.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 2000 — tvö þúsund — krónur.

3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Sparisjóði Kirkjubóls og Fellshrepps. Þó má ávaxta hann annars staðar, en ávallt skal þess gætt, að hann sé ávaxtaður á sem tryggastan og hagkvæmastan hátt.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnilega unglunga innan Fellshrepps til framhaldsnáms, eftir að barnafræðslu er lokið, með styrkjum og verðlaunum. Skulu þeir, sem erfiðasta aðstöðu eiga, ganga fyrir um fjárstuðning eða verðlaun. Einnig má styrkja einstök heimili, sem hafa sérstaklega örðugar ástæður, svo sem vegna veikinda, eða á einhvern hátt hafa misst fyrirvinnu sína. Sjóðstjórnin ákveður hverjir skulu njóta fjárveitinga úr sjóðnum og ræður meiri hluti á fundum hennar.